

23. janúar 1989

27

Nr. 20

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um fæðingarorlof nr. 546,
16. desember 1987.

1. gr.

Á eftir 17. gr. 1. mgr. kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Undir heilsufars- eða öryggisástandur, sem hér er átt við, falla:

1. Sjúkdómar, sem upp koma vegna meðgöngu og valda óvinnufærni, skv. vottorði læknis.
2. Sjúkdómar, tímabundnir eða langvarandi, sem versna um meðgöngu og valda óvinnufærni, skv. vottorði læknis.
3. Fyrirbyggjandi meðferð til að koma í veg fyrir fyrirburafæðingu eða til að vernda heilsu fósturs, enda valdi meðferðin óvinnufærni, skv. vottorði læknis.

2. gr.

Á eftir 36. gr. 1. mgr. kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Undir heilsufars- eða öryggisástandur, sem hér er átt við, falla:

1. Sjúkdómar, sem upp koma vegna meðgöngu og valda óvinnufærni, skv. vottorði læknis.
2. Sjúkdómar, tímabundnir eða langvarandi, sem versna um meðgöngu og valda óvinnufærni, skv. vottorði læknis.
3. Fyrirbyggjandi meðferð til að koma í veg fyrir fyrirburafæðingu eða til að vernda heilsu fósturs, enda valdi meðferðin óvinnufærni, skv. vottorði læknis.

3. gr.

Á eftir 12. gr. 2. mgr. kemur nýr málslíður svohljóðandi:

Ef barn, sem ættleidda á, er sótt erlendis, er heimilt að hefja greiðslu fæðingarstyrks þegar fyrir liggur staðfesting dómsmálaráðuneytisins á því að að búið sé að sækja um leyfi til ættleiðingar á barninu, enda sé barnið komið til landsins.

4. gr.

Á eftir 31. gr. 2. mgr. kemur nýr málslíður svohljóðandi:

Ef barn, sem ættleidda á, er sótt erlendis, er heimilt að hefja greiðslu fæðingardagpeninga þegar fyrir liggur staðfesting dómsmálaráðuneytisins á því að búið sé að sækja um leyfi til ættleiðingar á barninu, enda sé barnið komið til landsins.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 59, 31. mars 1987 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum sbr. og lög nr. 57, 31. mars 1987 um fæðingarorlof og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. janúar 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.